



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Ísafirði 18. Júní 2021

Um drög að landsáætlun í skógrækt

Meginboðskapur meirihlutaálits er að stórauka skógrækt í því formi sem verið hefur undanfarin ár og að undir starfsemi Skógræktarinnar heyri einnig endurheimt landgæða (vistheimt) með birki.

Allir fulltrúar meirihlutans virðast eiga hagsmuna að gæta í skógrækt og því má telja álit minnihlutans óhlutlægra og trúverðugra á ýmsan hátt.

Tryggja þarf að landsáætlun í skógrækt sé unnin í víðtæku og raunverulegu samráði á óhlutlægan hátt þar sem fullt tillit er tekið til sjónarmiða náttúruverndar og lagaákvæða þar að lútandi svo og alþjóðlegra skuldbindinga. Tillaga meirihluta verkefnisstjórnar uppfyllir ekki þessi sjálfsögðu og lýðræðislegu skilyrði.

Erindisbréf

Í erindisbréfi frá ráðherra til verkefnisstjórnar er áskilið að “að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir, náttúruvernd og alþjóða skuldbindingar”. Hér vantar mikið á, og er nærtækast að benda á vel rökstudda greinargerð minnihluta verkefnisstjórnar.

Meirihlutaálitið gerir ekki nægilega grein fyrir sjónarmiðum og skuldbindingum annarra ríkisstofnanna og stjórnvalda svo sem náttúruverndarlögum, skipulagslögum, lögum um umhverfismat og margvíslegum alþjóðlegum skuldbindingum sbr. ábendingar í minnihlutaáliti.

Ríkisvaldið leggur til mestallt fjármagn til nytjaskógræktar og því liggur beint við að skógrækt taki fullt tillit til skipulagslaga og náttúruverndarlaga, að ríkisfé sé ekki notað til að ganga á svig við starf mikilvægra ríkisstofnanna svo sem Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar og Náttúrufræðistofnunar. Hafa þarf þessi ákvæði og stofnanir með í ákvörðunum um hvar rækta skuli skóg, en það verði ekki einvörðungu í hendi landeiganda og Skógræktarinnar, enda leggur ríkisjóður fram allt að 97% af kostnaði við skógrækt.

Skógarþekja sem hlutfall af heildarflatarmáli?

Á nokkrum stöðum í drögum meirihluta verkefnisstjórnar (bls. 17, 54, 58 og 59) er skógarþekja sett fram sem hlutfall af heildarflatarmáli Íslands. Þetta er óeðlilegt því að langt er því frá að hægt verði að rækta skóg á öllu Íslandi. Miklu eðlilegra er að miða við land þar sem tækilega væri hægt að rækta skóg, ræktanlegt land eða ákveðna flokka vistgerða skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Aukin kolefnisbinding?

Einn meginrökstuðningurinn fyrir skógrækt er aukin kolefnisbinding. Sá rökstuðningur er þó veikur því að ekki er haldbær samanburður við aðra landnýtingakosti, og þá sérstaklega

núllkostinn þar sem náttúruverndarsjónarmið og ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar veita þungt (sjá neðar). Tölulegar forsendur fyrir kolefnisbindingu helstu gerða skógræktar eru einnig veikar og án fullnægindi tilvísana til heimilda. Svipað gildir um tölur fyrir kolefnisbindingu ræktarlanda og úthaga sem líklegt er að plantað verði í, land sem er jafnframt verðmætt fyrir fæðuframléiðslu og jafnvel náttúruvernd.

Áætlun um heildarbindingu 2040 upp á 500.000 tonna ígildi CO₂ skortir fullnægjandi tölulegan rökstuðning, bæði hvað varðar uppsöfnun vaxtarmassa með kolefni (sem ætti að fylgja veldisvexti með línulegan grunn, ólíkt því sem sýnt er á mynd á bls. 16) og framboð á heppilegu landi. Til samanburðar er losun frá samgöngum um 4 milljónir tonna CO₂ á ári og losun frá rýru þurrlendi er af sömu stærðargráðu.

Í grein Arnórs Snorrasonar og Sigríðar Júlíu Brynjólfsdóttur sem birtist í Ársriti skógræktarinnar 2017 er reyndar gert ráð fyrir að óbreytt árleg gróðursetning muni leiða til ársbindingar á rúmlega 500.000 tonna af CO₂ ígildum árið 2040.

Í ákveðnum atriðum eru áhöld um hvort Skógræktin hyggist fara inn á svið annarra stofnanna, t.d. Landgræðslunnar, með því að verja fé til og standa að endurheimt landgæða. Gera þarf betur grein fyrir skörun og verkaskiptingu í verkefnum ríkisstofnana (og sveitarfélaga) og leggja fram tillögur um heppilegar úrlausnir. Þar þurfa fleiri að koma að en hagsmunaaðilar í skógrækt.

Skógræktin er helsti framleiðandi nytjaviðar á Íslandi en í lögum er ekki gert ráð fyrir að Skógræktin reki slíka starfsemi. Almenn er lítið á nytjaskógrækt sem atvinnugrein og skógarbændur mynda búgreinasambandið “Landssamband skógareigenda”. Eðlilegt er að Skógræktin hætti sem framkvæmdaaðili í nytjaskógrækt og einbeiti sér að skipulagi og ráðgjöf á þessu sviði. Landsáætlun í skógrækt þarf að taka mið af þessu, og jafnframt er eðlilegt sé stefnt að því að ráðgjöf um nytjaskógrækt verði hjá atvinnuvegaráðuneyti.

Stöðuskýrsla er mikilvægur grunnur að landsáætlun. Skýrslan var unninn af nokkrum starfsmönnum Skógræktarinnar og er í ýmsu ábótavant. Jafnframt virðist hún hafa mótað tillögu meirihluta verkefnisstjórnar. Full þörf er á aðkomu fleiri fagaðila við gerð stöðuskýrslu og helst óháða ytri úttekt.

Gert er ráð fyrir að meginhluti aukinnar kolefnisbindingar verði með nytjaskógrækt á lögbýlum. Til þess virðist þurfa að þrefalda árlega gróðursetningu, en ekki eru færð fullnægjandi rök fyrir framboði á heppilegu landi. Slíkri greiningu þar einnig að fylgja áætlun um hvers konar skógartré séu heppilegastar á tiltæku landi, sem kann að vera skýring á því hvers vegna gert er ráð fyrir fremur lágu hlutfalli af lerki (bls. 16), sem er þó uppistaðan í stórum hluta núverandi nytjaskógræktar.

Í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda 2020 (bls. 142) er stefnt á að árið 2040 skili auknar aðgerðir í skógrækt ríflega 300 þúsund tonna CO₂e aukningu í bindingu (miðað við grunnsviðmynd = ekki bætt við). Í meirihlutatillögu um landsáætlun í skógrækt er gert ráð fyrir að auknar aðgerðir skili 500 þús tonnum CO₂e meiri bindingu en árið 2020, eða um tvöfalt meiri en stjórnvöld gera ráð fyrir. Þetta kallar á skýringar.

Tillögur um landsáætlun í skógrækt ná til árána 2021–2025 skv. titilkápu, 2021–2031 skv. vef Skógræktarinnar, en efni tillögurnar miðar að mestu við áætlanir til 2040. Eðlilegt virðist að hafa tölusett, vel rökstudd markmið fyrir árið 2025 en fremur almennar hugmyndir um

markmið fyrir 2030 og 2040, enda skal endurskoða landsáætlun á fimm ára fresti. Í Landgræðsluáætlun eru meginmarkmið fyrir 2025 og lausari markmið fyrir 2030. Í erindisbréfi verkefnisstjórnar er áskilið að “samræmi sé á milli landsáætlunar í skógrækt og landgræðsluáætlunar sem unnin er á sama tíma”.

Líffræðileg fjölbreytni

Umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni er lítilvæg og hún m.a. afgreidd með eftirfarandi setningu: “Skýrar skilgreiningar hefur vantað í sambandi við líffræðilega fjölbreytni og hefur hún ekki mótast í almennri umræðu nema sem annað hugtak yfir náttúruvernd.” (Bl. 36). Hér er rétt að geta þess að hugtakið líffræðileg fjölbreytni er lykilhugtak í alþjóðlegum samningum sem Íslensk stjórnvöld eru aðilar að, og er þar vandlega skilgreint.

Bent skal á að í [aðgerðaáætlun](#) ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum segir á bls. 138:

Tryggja að við undirbúning og framkvæmd aðgerða sé tekið mið af lagalega bindandi alþjóðasamningum, s.s. Samningi Sameinuðu þjóðanna um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Bernarsamningnum, Ramsarsamningnum, auk leiðbeinandi samninga. Í því ljósi verða ekki notaðar ágengar framandi tegundir.

Tryggja að aðgerðir sem miða að kolefnisbindingu og samdrætti í losun kolefnis frá landi samræmist og styðji við stefnumótun íslenskra stjórnvalda á öðrum sviðum, m.a. varðandi vernd og endurheimt vistkerfa s.s. votlendis, víðikjarrs og birkiskóga, uppbyggingu og nýtingu skógarauðlindar, að skipulag taki mið af landslagsheildum og miði að betri nýtingu á lífrænum úrgangi og fosfór.

Ágengar tegundir

Áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni ætti að vera eitt viðamesta umfjöllunarefni landsáætlunar. Líklega er hlutur ágengra framandi tegunda í skógrækt þar mikilvægasta atriðið og krefst vandaðrar umfjöllunar á fræðilegum og óvilhöllum grunni þar sem varúðarreglu og hagsmuna náttúruverndar er gætt. Því miður tekur meirihluti verkefnisstjórnar þá illa rökstuddu afstöðu að “þær tegundir sem nú eru notaðar eru ekki ágengar...” Rökstuðningurinn er óljós og er einkum ættaður frá skógræktaraðilum, nema hvað vitnað er til verkefnisins [Skógvist](#)¹ þar sem ekki er fjallað um hvort tegundir séu ágengar. Margvíslegar rannsóknir sem benda til þess að skógarplöntur geti verið ágengar eru hunsaðar² (sjá t.d. [Útbreiðsla stafafuru](#) (Pinus contorta) undir Staðarfjalli í Suðursveit og [The spread of lodgepole pine](#) (Pinus contorta, Dougl) in New Zealand.³

Það ætti að vera hverjum glöggum skógræktarmanni sem leikmanni ljóst að bæði stafafura og sitkagreni dreifast langt út frá skógarreitum og leggja undir sig nærliggjandi gróðurlendi. Mikilvægt að þetta verði staðfest (eða afsannað) með rannsóknum óháðra aðila áður en því er slegið fram að “þær tegundir sem nú eru notaðar eru ekki ágengar...” (bls. 25).

Eftirfarandi skilgreining sem aðilar innan Skógræktarinnar hafa stuðst við er ótæk: „Tegund er ekki ágeng ef hægt er að uppræta plöntur sem dreifst hafa út fyrir það sem gróðursett hefur

¹ Sjá

[http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/6d3d18e301de1f5e0025768c00561c33/3743ff2e7ea09cb900257714004f4482/\\$FILE/Ahrif%20skograktar-Skogv.pdf](http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/6d3d18e301de1f5e0025768c00561c33/3743ff2e7ea09cb900257714004f4482/$FILE/Ahrif%20skograktar-Skogv.pdf)

² Sjá t.d. <https://www.vinirvatnajokuls.is/media/3056/lokaskyrsla-stafafura-i-stadarfjalli-i-sudursveit.pdf>

³ Sjá <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S037811270004886#!>

verið í.“ Samkvæmt þessari skilgreiningu er alaskalúpína ekki ágeng, en varla er lengur nokkur maður sem telur hana ekki ágenga.

Ekki er hægt að setja fram vitræna áætlun um skógrækt nema fyrir liggi haldbærar upplýsingar um hvort og við hvaða aðstæður skógræktartré geti verið ágeng.


Umhverfismat:

Verulegir annmarkar eru á umhverfismati sem virðist gert á ábyrgð meirihluta verkefnisstjórnar og ekki virðist greint frá því hverjir hafi unnið þetta umhverfismat. Umhverfismatið virðist ekki uppfylla þau viðmið sem sett eru fram í lögum um umhverfismat áætlana, né heldur ákvæði í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Nokkur dæmi um þessa annmarka eru tíunduð í minnihlutaáliti verkefnisstjórnar, en þau kunna að vera fleiri. Þarna skortir tilfinnanlega á vönduð vinnubrögð.

Í umfjöllun um ágengar tegundir er ekki gerð fagleg tilraun til að skoða og meta þann möguleika sem blasir við mörgum, að mikið er um sjálfsáða stafafuru og jafnvel sitkagreni í grennd skógarreita með þessum tegundum. Hrópandi þörf er á faglegu mati um mögulega ágegni skógræktarplantna í íslenskri náttúru og líklegum áhrifum til lengri tíma litið, t.d. á varpstofna ýmissa fuglategunda og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga stjórnvalda.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson